



Leikur og þátttaka barna í leikskólastarfi: Stuðningur deildarstjóra og annars starfsfólks

Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Í þessari grein er sagt frá rannsókn á tveggja ára þróunarverkefni sem fjórir leikskólar í Reykjavík tóku þátt í. Markmiðið með rannsókninni var að greina starfsaðferðir og stuðning starfsfólks við leik sem helstu námsleið barna og við virka þátttöku þeirra í daglegu starfi leikskóla. Verkefnið var liður í innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem studdi við það með styrk úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs. Rannsakandi við Háskóla Íslands lagði verkefninu lið með fræðslu og ráðgjöf ásamt að safna gögnum og greina þau. Hittust deildarstjórar leikskólanna reglulega til að ræða og kynna sér ýmsar leiðir til að styðja við leik barna og auka þátttöku þeirra í starfi leikskólanna. Rannsóknin byggir á eigindlegri nálgun sem er góð leið til að öðlast innsýn í reynslu fólks og viðhorf. Ýmsum gögnum var safnað í gegnum ferlið, svo sem kynningum og frásögnum þátttakenda á fundum en einnig var þrisvar sinnum sendur út hálfopinn spurningalisti sem fól í sér þarfagreiningu í upphafi verkefnisins, endurmat eftir fyrsta árið og lokamat í lok verkefnisins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þátttakendur fóru fjölbreyttar leiðir að því að styðja við leik barna og nám. Starfsfólk var oft með börnunum í leik og margvíslegar aðstæður voru nýttar til að styðja við börnin í að leysa verkefni sjálf í stað þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim. Þá sýna niðurstöðurnar mörg dæmi um þátttöku barna í daglegu starfi leikskólanna, til dæmis urðu til hlutverk fyrir börnin og barnafundir voru haldnir. Deildarstjórnir tóku að sér leiðandi hlutverk í að viðhalda hugmyndafræði og gildum leikskólanna með stöðugri fræðslu, umræðu og ígrundun á reglulegum deildarfundum í leikskólunum. Vegna anna gekk þó ekki öllum deildarstjórunum vel að koma upplýsingum og fræðsluefni til samstarfsfólks. Afurðir ferlisins, myndbönd og raðbækur, hafa hagnýtt gildi og auka þekkingu á þeim leiðum sem starfsfólk leikskóla getur farið til að styðja við leik og þátttöku barna í daglegu starfi.

Efnisorð: leikskóli, leikur, þátttaka barna, starfsþróun

Inngangur

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar, „Látum draumana rætast!“, eru skólar hvattir til að þróa starf sitt í anda skapandi lærdómssamfélags sem mætir þörfum 21. aldarinnar (Menntastefna Reykjavíkurborgar, e.d.). Gert er ráð fyrir styrkjum til þróunar- og samstarfsverkefna skóla í samstarfi við háskólafolk í þeim tilgangi að stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og til að styðja við rannsóknir. Verkefnið eiga að stuðla að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs (Ester Ýr Jónsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2020; Menntastefna Reykjavíkurborgar, e.d.). Haustið 2021 hófu deildarstjórar leikskólanna Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar tveggja ára þróunarverkefni en markmið þess var að

stydja við leik barna og þátttöku þeirra í daglegu starfi leikskólanna. Var það gert í samstarfi við rannsakanda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem studdi við verkefnið með fræðslu, umræðum og gagnaöflun. Í fyrri hluta verkefnisins, veturinn 2021–2022, var unnið að því að styðja við leik sem meginnámsleið barna. Tilgangurinn var að undirstrika mikilvægi leiks með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa á að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Í seinni hluta verkefnisins, veturinn 2022–2023, var unnið að því að styðja við þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans á ýmsa vegu. Markmið verkefnisins endurspeglar áherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar á sjálfsefningu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á jafnrétti og virkri þátttöku barna með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi.

Vildu stjórnendur leikskólanna finna leiðir til að fræða starfsfólk þegar það hefur störf um gildi leiks og virkrar þátttöku barna í leikskólastarfi þar sem einungis lítill hluti starfsfólks leikskóla er leikskólakennarar, eða um 23%, og starfsmannavelta þónokkur, eða um 22% árið 2021 (Hagstofa Íslands, e.d.-a, e.d.-b). Var það von þeirra sem stóðu að þróunarverkefninu að afrakstur þess myndi nýtast í móttöku nýrra starfsmanna í leikskólum og auka þekkingu á hvernig best væri að styðja við leik barna og þátttöku í leikskólastarfi.

Í rannsókninni sem fjallað er um í þessari grein er varpað ljósi á hvernig deildarstjórnarnir, sem unnu að þróunarverkefninu, studdu við leik sem helstu námsleið barna og þátttöku barna í daglegu starfi. Tilgangurinn var að greina starfsaðferðir og stuðning við leik og virka þátttöku barna í daglegu starfi leikskóla. Lögð var áhersla á að greina upplifun deildarstjóranna af viðfangsefninu og skilning þeirra á því, og jafnframt að varpa ljósi á hugmyndir þeirra og starfshætti.

Fræðilegur bakgrunnur

Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar byggir annars vegar á tengslum leiks og náms (Menntamálastofnun, e.d., Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) og hins vegar á áherslu á réttindi barna og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku í leikskólastarfi (Lundy, 2007; lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Leikskólar móta eigin áherslur í starfi og geta farið fjölbreyttar leiðir að þessu marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað.

Leikur og nám

Leikur er meginnámsleið barna og eiga leikskólakennarar að styðja við leik, skapa hvetjandi aðstæður í leikskóla og tækifæri fyrir börn til að leika sér (Brooker o.fl., 2014; Corsaro, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsumhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Í þessari grein er stuðst við skilgreiningu *Aðalnámskrár leikskóla 2011* á leik sem lífstjáningu bernskuáranna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Í leik fer mikið sjálfsnám fram og þar lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Honum fylgir bæði gaman og alvara. Eiga leikskólakennarar að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik (Menntamálastofnun, e.d.). Leikur ætti ávallt að vera á forsendum barna og hefur hann gildi fyrir nám og vellíðan þeirra (James og Prout, 2015; Rogoff o.fl., 2018; Wood, 2013, 2018).

Þekking starfsfólks leikskóla á leik er lykilatriði í að móta kjöraðstæður fyrir leik barna og nám þar sem margir þættir hafa áhrif á þróun leiks. Má nefna skipulag dagsins og þann tíma sem leik er gefinn, aðgengi að leiksvæði og leikefni, félagaval og stuðning við samskipti barna í leik og þróun hans (Lillemyr, 2009; Lindqvist, 1995; Wood, 2013). Tengsl námsumhverfisins, kennarans og barnahópsins endurspeglast í umgjörð leiks og verða merkingarbær í samskiptum, leik og námi (Formosinho og Pascal, 2016). Allt eru þetta þættir sem skoðaðir voru í þessari rannsókn (sjá *Mynd 1*).

Mynd 1

Áhrifaþáttir í leik barna



Þegar litið er til þeirra þátta sem hafa áhrif á leik barna má í fyrsta lagi nefna leikskólakennara og annað starfsfólk. Rannsóknir sýna að þeir taka yfirleitt ekki þátt í leik barna á beinan hátt og finnst börnum leikskólakennarar sjaldan vera með þeim í leik (Löfdahl, 2014; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Börn finna þó til öryggis þegar kennararnir eru nálægir og vilja geta leitað til þeirra ef á þarf að halda (Jóhanna Einarsdóttir, 2014). Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir (2022) hafa bent á að leikskólakennarar þurfa að styðja við leik barna með 'kveikjum'

en með því er átt við hugmyndir eða efnivið sem tengjast leik. Þannig getur starfsfólkið aðstoðað börnin við að þróa leikinn og lengt þannig leiktímabilið án þess þó að stjórna leiknum. Til að nám geti átt sér stað þurfa börn að fá tækifæri til að eiga hugmynd að leiknum og stjórna honum sjálf enda er leikur ávallt á forsendum barna. Tilfinningalegur stuðningur starfsfólks leikskóla og aðstoð við samskipti og lausnaleit barna skiptir einnig máli.

Annar áhrifaþáttur er það umhverfi sem leikur fer fram í. Skipulag dagsins þarf að endurspeglar markmið leikskólastarfs, margvísleg viðfangsefni og fjölbreyttan barnahóp. Tíminn afmarkar það rými sem leik er gefið í leikskólum og þarf skipulag leikskólastarfs að taka mið af skynjun barna á tíma með áherslu á takt, vellíðan þeirra og nám. Ljóst er að tímaskyn barna er ekki háð eða bundið klukku, heldur er upplifun barna af leik og tíma tengd áhuga þeirra hér og nú (Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2021; Csikszentmihalyi, 2008; Nomura, 2010; Pacini-Ketchabaw, 2012). Oft er talað um athafnakosti (e. affordance) barna og möguleika umhverfis og er þá átt við fólk, hluti, tæki og leikefni, hvernig leikefnið er notað, hvernig hægt er að nota það og hvernig leikefnið stuðlar að eða kemur í veg fyrir nám (Pacini-Ketchabaw o.fl., 2017). Kennarar og annað starfsfólk þurfa að velja fyrir sér hvernig börn hugsa um umhverfið, hvaða aðgang þau hafa að því, hvaða tilgang leikefnið hefur, hvaða tíma tekur að leika sér með það og hvert samband barna er við ólík leikefni.

Þriðji þátturinn sem hefur áhrif á leik barna er barnahópurinn. Vinátta og félagsskapur annarra barna er það sem börnum finnst mikilvægast í leikskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2020; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Vináttan birtist í að börnin sýna hvert öðru samkennd, deila gleðilegum athöfnum og oft velja þau sér viðfangsefni með hliðsjón af því hvað félagar þeirra kjósa að gera. Þau líta á leik sem félagslega athöfn og samskiptaform (Jóhanna Einarsdóttir, 2014; Kragh-Müller og Isbell, 2011). Rannsóknir sýna að félagar og vinir í leikskóla eru ekki síður mikilvægir í augum barns en kennarinn og umhverfið (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016). Börn skapa sér oft eigin menningu, jafningjameningu (e. peer culture), sem felst í daglegum athöfnum, hefðum, hlutum, gildum og áhuga, hugmyndum barna og því sem þau búa til og deila í samskiptum hvert við annað (Corsaro, 2003, 2015; Jenks, 2005).

Virk þátttaka barna í leikskólastarfi

Börn eiga að vera virk í samfélaginu og er leikskólinn sá vettvangur sem leggur grunninn að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) hafa börn rétt til að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem þau

varða og gefa þarf börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir, auðvelda þeim að tjá þær, hlusta á þau og bregðast við sjónarmiðum þeirra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992). Þátttaka barna í leikskólastarfi krefst virkrar hlustunar þar sem fullorðnir og börn hlusta á og virða fjölbreytt sjónarmið (Lundy, 2023; Lundy o.fl., 2011; Rinaldi, 2006; Welty og Lundy, 2013). Virk hlustun er skilgreind sem viðbrögð við einstaklingi sem auka sameiginlegan skilning á ákveðnu málefni. Virk hlustun er fyrsta skrefið í að bregðast við ákveðnum sjónarmiðum. Niðurstöður erlendra og innlendra rannsókna um þátttöku barna í ákvarðanatöku í leikskólum eru samhljóma um að börn hafa fremur litla möguleika á að hafa áhrif og gefur starfsfólk sér ekki tíma í dagsins önn að nota virka hlustun (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012, 2013; Clark, 2020; Clark og Moss, 2001, 2005). Til að greina þátttöku barna í leikskólunum í þessari rannsókn er stuðst við líkan Lundy (2007) sem byggir á fjórum viðmiðum um þátttöku barna (sjá *Mynd 2*).

Mynd 2

Líkan Lundy



Fyrsta viðmiðið, *tækifæri*, snýst um að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og tjá þær. Fullorðnir eiga að skapa örugg rými fyrir börn til að móta sér skoðun og láta hana í ljós. Réttur barna til barnvænna upplýsinga er virtur og séð er til þess að börn fái þær upplýsingar sem þau þurfa til að geta tekið afstöðu. Þarf aðgengi allra barna, sérstaklega barna í viðkvæmri stöðu, að vera gott.

Annað viðmiðið, *raddir*, tengist því að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós í öllum málum sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska. Málefni sem börnum eru mikilvæg og merkingarþær eru rædd og hugað er að rétti barna til

leiðsagnar. Þar vegur þungt hlutverk starfsfólksins í að auðvelda börnum að koma röddum sínum á framfæri og tjá skoðanir sínar.

Þriðja viðmiðið, *áheyrn*, felst í að tryggja að hlustað sé á skoðanir barna og að þeim sé komið á framfæri við aðila sem geta komið þeim í framkvæmd. Fullorðnir sýna viðeigandi stuðning til að skilja og túlka merkingu þess sem sagt er og komið er í veg fyrir valdaójafnvægi og fordóma.

Fjórða viðmiðið, *áhrif*, snýst um þau áhrif sem raddir barna geta haft, að þær séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim. Fullorðnir gæta að sýnileika og gagnsæi í viðbrögðum við röddum barna og fyrirséðum áhrifum þeirra. Börnum er veitt endurgjöf og þau höfð með í ráðum í mati á áhrifum. Þeim er gerð grein fyrir þeim möguleikum sem eru í stöðunni, séð er til þess að sjónarmiðum þeirra sé sýndur skilningur og að viðbrögð við þeim séu við hæfi (Lundy, 2007; Welty og Lundy, 2013).

Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið þessarar rannsóknar var að greina starfsaðferðir og stuðning við leik sem helstu námsleið barna og við virka þátttöku þeirra í daglegu starfi leikskóla. Tilgangurinn var að varpa ljósi á hvernig deildarstjórar í fjórum leikskólum, sem tóku þátt í rannsókninni, styðja við leik sem helstu námsleið barna og stuðla að þátttöku þeirra í daglegu starfi. Í rannsókninni voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi:

- Hvernig styðja deildarstjórnir við leik barna í leikskólanum?
- Hvernig stuðla deildarstjórnir að virkri þátttöku barna í daglegu starfi?
- Hvernig er þekkingu á leik og þátttöku barna komið til skila til samstarfsfólks?

Aðferð

Rannsóknin er fjölþætt og byggir á eiginlegum gögnum sem safnað var meðan á rannsókninni stóð. Þegar eiginlegum aðferðum er beitt er leitast við að fá innsýn í reynslu fólks og viðhorf og tengja við viðfangsefni rannsóknarinnar (Creswell, 2013; Creswell og Poth, 2017). Þessi aðferð hentaði rannsókninni vel þar sem starfsaðferðir og stuðningur starfsfólks við leik barnanna og virka þátttöku voru skoðuð og greind. Þar sem gögnum var safnað sérstaklega til að leita svara við ofangreindum þáttum var notuð aðferð grundaðrar kenningar þar sem rannsóknarspurningar voru myndaðar og eiginlegum gögnum safnað til að leita svara við þeim. Aðferðin telst góð til að skapa ákveðinn ramma til að útskýra flókin félagsleg ferli (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013).

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru 15 deildarstjórar og verkefnastjórar úr leikskólunum Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold, sem allir eru reknir af Reykjavíkurborg, og rannsakandi frá Háskóla Íslands sem er einn af höfundum þessarar greinar. Þá tók allt starfsfólk leikskólanna þátt í sameiginlegum starfsmannafundum tvisvar á ári þau tvö ár sem rannsóknin stóð yfir. Þessir leikskólar höfðu góða reynslu af samstarfi, vildu halda því áfram og óskuðu eftir aðkomu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands að verkefningu.

Rannsakandi vann að þarfagreiningu starfsfólks og mótaði verkáætlun. Hafði hann einnig það hlutverk að skapa þátttakendum rými þar sem reynsla þeirra og raddir fengju að heyrast í gegnum ferlið með fræðslu og kveikjum, kynningum deildarstjóra og umræðu. Þá safnaði rannsakandi gögnum með þátttakendum, skráði ferlið og greindi gögnin.

Leikskólinn Engjaborg er fjögurra deilda leikskóli. Þar dvelja að jafnaði um 71 barn og þar vinna um 25 starfsmenn. Gildi Engjaborgar eru vellíðan, virðing og sköpun. Tóku fjórir deildarstjórar og verkefnastjóri þátt í rannsókninni.

Leikskólinn Funaborg er þriggja deilda leikskóli. Þar dvelja að jafnaði 58 börn og starfsmenn eru um 20 talsins. Leiðarljós Funaborgar er: „Í hvert sinn sem þú gerir eitthvað fyrir barnið sem það hefði sjálft getað gert heldur þú aftur af þroska þess.“ Þrír deildarstjórar tóku þátt í rannsókninni.

Leikskólinn Hólaborg er þriggja deilda leikskóli. Þar dvelja að jafnaði 50 börn og um 20 starfsmenn vinna þar. Gildi Hólaborgar eru hamingja, heilbrigði og sjálfræði. Tóku þrír deildarstjórar þátt í rannsókninni.

Leikskólinn Sunnufold er fimm deilda leikskóli. Þar dvelja að jafnaði um 100 börn og þar vinna um 30 starfsmenn. Lykilhugtök Sunnufoldar eru hamingja, málrækt, leikur, sjálfræði og heilbrigði. Fimm deildarstjórar tóku þátt í rannsókninni.

Gagnasöfnun og greining

Þátttakendur hittust á mánaðar fresti í tvö ár og ræddu og ígrunduðu hugmyndir og starfshætti sem tengdust viðfangsefni rannsóknarinnar. Á fundunum skapaðist vettvangur fyrir faglegt samtal í anda lærdómssamfélags þar sem allir þátttakendur höfðu tækifæri til að læra á jafningjagrundvelli (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). Var rannsakandi hluti af rannsóknarferlinu sjálfu, studdi við þróunarferli deildarstjóra og sá um fræðslu. Jafnframt skráði rannsakandi ýmis atriði sem upp komu og þóttu þess verð að vera haldið til haga og notuð sem rannsóknargögn (Gordon, 2008). Fjölbreytt

gögn söfnuðust í ferlinu og liggur afrakstur viðfangsefna þróunarverkefnisins fyrir í formi myndbanda og rafbóka. Afmarkast niðurstöður sem birtar eru í þessari grein við þau gögn sem rannsakandi nýtti til að leita svara við rannsóknarspurningunum sem varpað var fram. Gögnin voru:

Spurningakannanir. Þrjár spurningakannanir voru lagðar fyrir þátttakendur í ferlinu. Allar byggðu þær á opnum spurningum sem varpað var fram og sem svarendur tóku mið af. Slíkar spurningar koma vel til greina þegar miklu skiptir fyrir rannsakandann að átta sig á því sem mikilvægt er í hugum svarenda og hann vill fá dýpri svör við en hægt er að gefa við lokuðum svarkostum (Grétar Þór Eyþórsson, 2021). Í upphafi rannsóknar, í ágúst 2021, voru staða leiks og þátttaka barna í leikskólunum könnuð með spurningalista til stjórnenda um sýn þeirra, viðhorf og væntingar til verkefnisins. Spurt var um hugmyndir þeirra um stuðning við leik barna og þátttöku í daglegu starfi. Spurningalisti var aftur sendur til stjórnenda í maí 2022 til að meta hvernig fyrsta árið í þróunarverkefninu hefði gengið og hverju það hefði skilað að mati stjórnenda. Að lokum var spurningalisti sendur til þátttakenda í apríl 2023 til að afla upplýsinga um hverju ferlið hefði skilað og var hann liður í lokamati á ferlinu.

Kynningar deildarstjóra. Á reglulegum fundum kynntu deildarstjórar framgang verkefnisins og þær breytingar sem urðu á viðhorfum og starfsháttum.

Ljósmyndir. Deildarstjórnarnir tóku ljósmyndir úr starfinu sem sýndar voru á fundum og nýttar til að varpa ljósi á það sem gert var og þær breytingar sem urðu.

Myndbandsupptökur. Deildarstjórnarnir tóku upp myndbandsbúta um valda þætti úr starfinu sem sýndir voru á fundum og voru til umfjöllunar.

Skráðar heimildir. Rannsakandi skráði minnisþunkta um hugleiðingar og umræður deildarstjóra á fundunum.

Hugarflugsmiðar. Hugarflugsmiðar af sameiginlegum starfsmannafundum voru nýttir sem endurmat allra starfsmanna í lok fyrra ársins. Það sama var gert í lokamati allra starfsmanna í lok þróunarverkefnisins.

Myndbönd og rafbækur. Afrakstur verkefnisins, myndbönd og rafbækur, var nýttur sem gögn.

Gögnin voru skoðuð og flokkuð út frá rannsóknarspurningunum og síðan kóðuð út frá viðmiðum um helstu áhrifaþætti leiks (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012), það er hlutverk starfsfólks, barnahópsins og umhverfis í leik barna. Þá var stuðst við viðmiðin tækifæri, raddir, áheyrn og áhrif úr líkan Lundy (2007) þegar þátttaka barna í daglegu starfi var greind. Reyndust viðmiðin vera skýr kóðun í greiningu gagnanna (Morse, 2015). Þá var leitað eftir þeim sem tengdust því að (1) viðhalda áherslum innan leikskólanna á leik og að auka þekkingu á þeim ramma og stuðningi sem leikur barna þarf. Annað þema var (2) að hafa réttindi barna í fyrirrúmi í daglegu starfi. Þá birtist einnig þema um (3) þróun og miðlun verkefnisins til allra starfsmanna. Voru niðurstöðurnar skrifaðar út frá þemunum (Braun og Clarke, 2006; MacNaughton og Hughes, 2009).

Siðferðisleg atriði

Í rannsóknum þarf að huga að nokkrum siðferðislegum álitamálum í gegnum allt ferlið (Mohr, 2001; Zeni, 2009). Í fyrsta lagi þarf að liggja fyrir leyfi til rannsóknarinnar. Sótt var um leyfi hjá öllum foreldrum leikskólanna og hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fyrir myndbirtingum í þeim myndböndum og rafrænu bókum sem gerð voru í ferlinu. Í öðru lagi þarf að huga að félagslegu réttlæti og hvort verkefnið hafi víðari skírskotun en til þeirra leikskóla sem taka þátt í verkefninu. Sú áhersla sem sett var á stuðning við leik og þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans á erindi til annarra leikskóla og eru kynningar á ferlinu og þessi grein liður í að koma þessum upplýsingum á framfæri við leikskóla almennt. Nöfn leikskólanna sem tóku þátt í rannsókninni liggja fyrir en þátttakendum var gerð grein fyrir að engir persónugreinanlegir þættir kæmu fram við framsetningu á niðurstöðum.

Réttmæti rannsóknarinnar liggur í að fjölbreyttum gögnum var safnað yfir tvö ár og þau nægðu til að svara rannsóknarspurningunum (Morse, 2015). Einnig kynntist rannsakandi þátttakendum í verkefninu á rannsóknartímabilinu og gaf sér góðan tíma til að gaumgæfa rannsóknargögnin.

Niðurstöður

Hér verður varpað ljósi á hvernig 15 deildarstjórar í fjórum leikskólum, sem tóku þátt í rannsókninni, studdu við leik sem helstu námsleið barna. Þá er greint frá því hvernig stuðlað var að þátttöku barna í daglegu starfi. Loks er fjallað um hvernig deildarstjórunum gekk að koma þeirri þekkingu, starfsaðferðum og stuðningi til skila til samstarfsfólks og festa í sessi. Niðurstöðurnar eru settar fram með hliðsjón af þeim þemum sem fram komu í gagnagreiningu.

Samstarf leikskólanna og væntingar til verkefnisins

Leikskólarnir í rannsókninni hafa átt í farsælu samstarfi á undanförunum árum og vinna með hliðsjón af áþekktum gildum og hugmyndafræði. Höfðu leikskólarnir þörf á að taka höndum saman og þróa leiðir til að styðja betur við leik barna og virka þátttöku þeirra í daglegu starfi leikskólanna. Takmarkanir á COVID-19-tímanum höfðu haft töluverð áhrif á möguleika barna til leiks og þátttöku. Töldu stjórnendur að þörf væri á fræðslu og umræðu um hlutverk kennara og annars starfsfólks í að styðja við hugmyndir barna og leik á virkan hátt og stuðla þannig að sjálfseflingu og félagsfærni barnanna í daglegu starfi í leikskólunum. Áskorunin var einnig sú að í leikskólunum starfar margt ungt fólk sem hefur litla reynslu af leikskólastarfi og þarf að vinna eftir skýrri stefnu en jafnframt að hafa sjálfræði í störfum. Farsælasta leiðin til að ná því jafnvægi var að mati stjórnendanna að standa saman að þróunarverkefni með reglulegri fræðslu og umræðu um hugmyndafræði leikskólanna, hlutverk starfsfólks í leik barna og þátttöku þeirra í starfinu. Fram kom í svörum við spurningalista um þarfir deildarstjóranna, sem lagður var fyrir í upphafi verkefnisins, að þeir væntu þess að verkefnið yrði til þess að starfsfólk leikskólanna legði áherslu á leik, vellíðan og nám barnanna, áhugasvið þeirra, styrkleika og þátttöku í daglegu starfi.

Verkátætlun var mótuð á grunni þarfagreiningarinnar og hittust deildarstjórar leikskólanna og rannsakandi reglulega yfir tveggja ára tímabil á mánaðarlegum tveggja tíma fundum frá hausti 2021 og fram á vor 2023. Alls urðu fundirnir 13 talsins. Að auki voru haldnir fjórir fundir með öllu starfsfólki leikskólanna um stuðning við leik og þátttöku barna í daglegu starfi. Á fundum voru fluttir fyrirlestrar sem tengdust viðfangsefninu og ræddu deildarstjórar og ígrunduðu viðkomandi efni og settu í samhengi við eigin reynslu. Settar voru fram hugmyndir að starfsaðferðum sem síðan voru skipulagðar. Þá hófu þátttakendur breytingaferlið í samvinnu við samstarfsfólk og fylgdust með ferlinu með því að skrá það, til dæmis með ljósmyndum, myndböndum og skriflegum frásögnum. Kynntu deildarstjórnir breytingarnar á fundum, ræddu saman og ígrunduðu hvernig gengið hefði að innleiða breytta starfshætti.

Stuðningur við leik barna

Hlutverk starfsfólks

Stuðningur starfsfólks við leik barna fólst að mati deildarstjóranna meðal annars í að aðstoða hlédræg börn í að komast í leik, að þróa leikinn með kveikju í formi hugmynda eða efniviðar og að styðja börnin í að leysa úr ágreiningi. Einn deildarstjórnanna lýsti þeirri jafnvægislist sem felst í stuðningi við börn í leik. Hann sagði:

Galdurinn er að vera opin og næmur á yngstu börnin í leik. Að feta þá hárfínu línu að stýra ekki, grípa inn í leik og að leggja inn þegar þörf er á. Virða hugmyndir barnanna og grípa þær eins oft og mögulegt er. Spyrtja opinna spurninga, leita svara hjá börnunum, þannig að þau fái að blómstra og koma sínum hugmyndum á framfæri. Bera virðingu fyrir litla fólkinu okkar og tala við þau af virðingu.

Til þess að geta veitt þennan stuðning töldu deildarstjórnir að starfsfólk þyrfti að sjá gildi leiksins í námi barna og að það væri helst gert með fræðslu og umræðu um leik á deildarfundum og starfsmannafundum. Þeir lögðu því áherslu á að sú umræða færi fram og þegar líða tók á verkefnið kom fram hjá einum deildarstjóra: „Mér finnst almennt starfsfólkið komið nær börnunum í leik. Það er sem sagt til staðar, spjallar og tekur þátt þegar börnin leita eftir því.“

Hugmyndir barnanna

Deildarstjórnir lögðu sig fram um að skapa aukið svigrúm í leikskólunum fyrir hugmyndir barnanna. Til þess fannst þeim þurfa að fækka kennarastýrðum stundum og auka við tíma fyrir sjálfsprottinn leik barnanna. Þeir nefndu nokkur dæmi úr starfi um að grípa hugmyndir barnanna:


Ein stúlka rifjaði upp skemmtilegan náttfatadag sem hafði verið síðasta ár. Starfsmaðurinn greip hugmyndina og sagði að þau gætu alveg skipulagt annan náttfatadag og var því fylgt eftir.

Dreng langaði að fara út að leika snemma morguns í myrkrinu. Starfsmaður fylgdi hugmyndinni eftir og næsta dag var farið snemma út með vasaljós. Reglulegar vasaljósaferðir voru í kjölfarið settar inn í skipulag leikskólans.

Að auki var unnið með hugmyndir barnanna yfir lengri tíma. Í einum leikskóla barst leikskólastjóra beiðni frá þremur drengjum um kaup á Harry Potter legó. Leikskólastjórinn bað þá um skriflega beiðni sem barst honum skömmu síðar (sjá Mynd 3).

Mynd 3

Bréf til leikskólastjóra



Leikskólastjórinn brást vel við erindinu, keypti legóið og var síðan unnið að því að byggja Harry Potter-kastala í leikskólanum.

Námsumhverfið

Leiksvæði innan leikskólanna var tekið til endurskoðunar og ýmsar breytingar gerðar. Það var gert í samráði við börnin og var leitað til þeirra varðandi hugmyndir, til dæmis í samverustund og með áhugasviðsskráningu þar sem hvert barn var spurt hvað því fyndist skemmtilegast að leika með. Í einum leikskóla var skipulagt stöðvaflæði tvisvar í viku þar sem boðið var upp á nýjar og vinsælar upplifanir í leik, á til dæmis kubbastöð, listastöð, teiknistöð og ýmsum útistöðvum.

Tjald var sett upp í lestrarhorni í einum leikskóla þar sem börnin gátu sest niður, lesið bækur og verið í friði.

Kubbasvæði var endurskoðað í öðrum leikskóla, ýmsum tegundum kubba blandað saman og smádóti og sögum bætt við. Það leiddi af sér hugmynd frá einu barni um uppsetningu á leikriti um Hans og Grétu sem brugðist var við og foreldrum boðið á sýningu. Deildarstjóri sagði frá upplifun sinni af þessum leik á eftirfarandi hátt:

Það var magnað að fylgja eftir hugmyndum barnanna í þessari vinnu. Það voru engar hindranir sem þau gátu ekki komist yfir og útkoman var meira en sagt frábær. Þau gerðu leiksviðið með því að líma sælgætisbréf á veggina og nota þann efnivið sem er á deildinni. Litlar mottur uppi á kubbum breyttust í sveppi. Þau fundu afsagaða trjágrein sem var skógurinn... svo eitthvað sé nefnt.

Dæmi var um að fjölbreyttum efniviði var bætt inn sem kveikjum í leik barna en einnig sem hluta af byggingaleik. Það var til dæmis gert með stórum plastgrindum sem nýttust í skilrúm og byggingaleik.

Þá töldu deildarstjórnarnir að námsumhverfið hefði verið gert aðgengilegt börnunum og að börnin hefðu fengið að velja hvað þau léku með. Deildarstjóri sagði: „Við erum meðvitaðri um að hafa bjargir fyrir börnin sem auðveldar þeim að leysa verkefni sjálf.“

Annar deildarstjóri sagði:

Eftir að hafa spurt börnin og kannað hvað þau vilja hafa í umhverfi sínu höfum við gert ýmsar breytingar. Til dæmis sett inn opinn efnivið, kveikjur, inn í það leikefni sem þau hafa áhuga á. Breytt leiksvæðum með skilrúmum og búið til ný svæði fyrir utan deildina þar sem nokkur börn geta leikið sér svolítið í friði.

Leikefni var fært í hæð barnanna og sjónlínu. Deildarstjórnarnir staðsettu fjölbreyttan efnivið á þeim stöðum sem hentaði börnunum og þar sem þau gátu nýtt og notið efniviðarins. Deildarstjórnarnir höfðu orð á því að þeir veltu betur fyrir sér hvaða athafnakosti efniviður hefði og hvar best væri að staðsetja hann. Flestum fannst því mikil þróun hafa orðið á námsumhverfi barnanna og leikefninu og að umhverfið væri í meiri mæli skipulagt út frá áhuga barnanna.

Skráningar á leik barna

Þá lögðu deildarstjórnarnir áherslu á að skrá nám barna í leik. Voru þeir farnir að skoða skráningar með tilliti til áhugasviðs og styrkleika barnanna. Deildarstjóri sagði í lokamati á verkefninu:

Kennararnir eru að skrá meira leik barna bæði með myndum og texta. Deildarstjórnarnir hafa lært það hvernig á að skrá starfið og gefið sér tíma í undirbúningi til þess að skrá nám barnanna. Meira er lagt í skráningar og reynt að hafa þær faglegri nú þó að þeim hafi í heild fækkað á mót.

Skráningarnar voru síðan nýttar til að huga að hvernig betur mætti styðja við leikinn út frá hlutverki starfsfólks, umhverfis og barnahópsins.

Þátttaka barna í fyrirrúmi í daglegu starfi

Tækifæri barna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri

Börnunum gáfust tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri – bæði formlega og óformlega – í daglegu starfi leikskólanna. Sem dæmi um formlega aðkomu barnanna að skipulagi starfsins má nefna þemadaga sem haldnir hafa verið þriðja föstudag í hverjum mánuði í einum leikskólanum. Hafa börnin á eldri deildunum skipst á að velja þemað og varpað fram hugmyndum um hvaða þema þau hafa áhuga á að vinna að. Koma yfirleitt margar tillögur og kjósa börnin um þær. Börnunum hefur fundist mjög gaman að fá að velja og hafa valið að halda dótadag, búningadag, bangsadag, bíodag, tónlistardag og náttfatadag. Deildarstjóri sagði á fundi:

Þetta verkefni hefur hjálpað okkur að koma inn enn betra skipulagi á deildina okkar og það er einnig svo skemmtilegt að sjá hvað börnin geta miklu meira, ef þau fá tækifæri til þess að spreyta sig. Börnin sýna ábyrgð og njóta þess að hjálpa til.

Tóku börnin í þeim leikskóla einnig þátt í formlegu mati á umhverfinu, hvað þeim fannst um leikefnið og leiksvæði, en einnig hvað þeim fannst um hádegismatinn. Deildarstjóri sagði á fundi:

Við erum á fljúgandi ferð í að finna mismunandi leiðir til að leita eftir sjónarmiðum barna. Við ræðum við þau í minni hópum um ákveðin málefni. Spjöllum um allt mögulegt og heyrum þá betur þeirra vangaveltur. Fylgjumst með þeim í leik og virkni þeirra. Einnig setjum við upp kosningar varðandi þemadaga. Næst á dagskrá er að vera með barnateymi um mismunandi þætti starfsins.

Dæmi um óformleg tækifæri var endurmat barnanna á sumum þáttum starfsins í einum leikskóla. Fór endurmatið fram í listaskálanum í matartíma. Verkefnastjóri listaskálans, sem sat með börnunum í matartímanum, nýtti tækifærið og ræddi ýmsa þætti starfsins við börnin. Honum fannst skapast gott tækifæri meðan á matartímanum stóð til að fá fram sjónarmið barnanna til starfsins og vildi formgera matið. Hann sagði:

Nú höfum við hug á að þróa þetta meira og vera með barnateymi um ákveðna þætti, alveg eins og við starfsmennirnir erum með teymi um ákveðna þætti. Þættirnir sem taka á fyrir og meta með börnunum eru samverustundir, flæði, útivera og uppröðun borða í matsal.

Var fyrirhugað að nýta sjónarmið barnanna til umbóta í starfi leikskólans.

Virk hlustun og áhrifamáttur barna


Fjölbreyttar leiðir voru farnar til að hlusta á börnin og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri. Í einum leikskólanna var rætt við börnin um útileiksvæðið og þau spurð hvort hægt væri að gera eitthvað í garðinum þannig að það yrði enn skemmtilegra að vera úti. Deildarstjóri lýsti ferlinu á þennan hátt:

Börnin fóru á útisvæðið með myndavél og tóku myndir af þeim svæðum sem þeim fannst þörf á að laga. Voru ljósmyndirnar skoðaðar og ræddar og í ljós kom að börnin vildu mála regnboga á grindverkið, setja gras á drullueldhússvæðið og byggja þar hús. Þau vildu fleiri drumba til að labba á, gera eitthvað skemmtilegt, til dæmis leikhús hjá „stungutrjánnum“ (grenitrjánnum), búa til stærri göng í trjálundi og setja þak yfir brúna. Brást starfsfólkið við með því að fá málningu svo að börnin gátu málað grindverkið, grasþökur voru settar við drullueldhúsið, hafist var handa við að klippa tré og búa til stærri göng í trjálundi og voru greinarnar klipptar niður og nýttar í lítil prik sem börnin gátu leikið sér með. Fleiri drumbar voru settir í garðinn.

Annar leikskóli gerði einnig endurbætur á útileiksvæði með þátttöku barnanna. Rætt var við börnin um hvað væri skemmtilegast í garðinum og leiðinlegast, hvað þau vildu hafa þar og hverju þau vildu breyta. Sú umræða leiddi í ljós að þau vildu fjöldann allan af stórum skóflum, fleiri hjól og marga sópa (kústa). Tillaga kom fram um að mála þrautabrautir, bókstafi og tölustafi á gangstéttina á útisvæðinu og jafnvel slönguspil, parís og Óla prik. Börnin sögðust vilja hafa útiöldhús, völdu staðsetningu fyrir það og teiknuðu mynd af því sem þar átti að vera (sjá Mynd 4).

Mynd 4

Útíeldhús



Vildu börnin fá að rækta blóm og grænmeti á útileiksvæðinu, „vökva blómin, fylgjast með þeim og læra að fara vel með þau,“ eins og börnin orðuðu það.

Í einum leikskóla var komið á fót hlutverki garðstjóra og bjuggu börnin á elstu deildinni til reglur sem honum var falið að fylgja eftir. Lýsti deildarstjóri hlutverkinu á þennan hátt:

Reglurnar voru skrifaðar niður og teiknaðar af þeim myndir sem voru sýnilegar í fataherbergi leikskólans. Innifalið í hlutverkinu var að segja börnunum frá því hvernig veðrið væri og hvernig best væri að vera klæddur fyrir útiveruna. Einnig að aðstoða við að setja leikföng út á morgnana og ganga frá þeim í lok dags.

Endurskoðun á matartíma var gerð í einum leikskólanna. Kynning deildarstjóra í leikskólanum var á þessa leið:

Börnin skiptast á að gegna hlutverki umsjónarmanns, fá tausvuntu og sækja áhöld og annað í eldhúsið á vagn, leggja á borð og bjóða vinum sínum til borðs. Oft er lagt á borðið á skapandi hátt, fyrst glasið og síðan diskur ofan á það eða hnífapörin sett ofan í glösin. Það má. Eftir matinn ganga börnin frá. Börnin eru hvött til að hjálpa sér sjálf, hella í glas, skammta sér á diskinn sinn og smyrja brauð.

Heimiliskrókur í einum leikskólanna var orðin lúinn og datt deildarstjóranum í hug að fá börnin með sér í lið við að endurnýja hann. Deildarstjóri sagði frá:

Farið var í Góða hirðinn og þar voru valdar trévörur í hlutverkaleik og endurnýtanlegt eldhúsdót úr járni og silfri. Nutu börnin þess að taka þátt í að móta heimiliskrókinn sem varð hlýlegri og eldhúsdótið varð mjög vinsælt. Svæðið var mikið notað af börnum deildarinnar en það vakti einnig áhuga hjá öðrum börnum í leikskólanum.

Í lok verkefnisins hönnuðu deildarstjórnarnir rafrænar bækur með dæmum um virka þátttöku barna í leikskólastarfi.

Miðlun verkefnisins til starfsmanna

Deildarstjórnarnir fóru nokkrar leiðir að því að miðla verkefninu til allra starfsmanna leikskólanna. Nýttu þeir reglulega deildarfundir í leikskólanum til að ræða og meta þróun verkefnisins og ákveða næstu skref. Oft féllu þeir þó niður og sagði einn deildarstjóranna að hann hefði viljað setja meiri kraft í verkefnið í leikskólanum. Vinnuáðstæður, veikindi og faliðun skipuðu því miður of stóran sess í leikskólanum, „en við reynum alltaf að gera betur“. Annar deildarstjóri sagði: „Ég bara vona að þessi vinna þróist áfram og að við höldum áfram að hlusta meira á börnin.“

Þar sem einungis lítill hluti starfsfólks leikskóla er leikskólakennarar ákváðu deildarstjórnir að móta afurðir sem yrðu aðgengilegar í verkfærakistu á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar, sem myndu nýtast starfsfólki þegar það hefur störf en einnig sem kveikja að umræðum á deildarfundum innan leikskólanna. Afurðirnar urðu þrjú myndbönd um stuðning starfsfólks við leik sem helstu námsleið barna og fjórar rafbækur gerðar í forritinu „Book Creator“, með dæmum um virka þátttöku barna í daglegu starfi leikskóla.

Myndböndin eru um hlutverk starfsfólks, barnahópin og um umhverfið sem þriðja kennarann. Skiptu deildarstjórnir með sér að semja handritin og fengu þeir aðstoð við að taka þau upp. Í myndbandi um hlutverk starfsfólks fannst deildarstjórnum þeir þurfa að koma eftirfarandi skilaboðum til skila um stuðning starfsfólks við leik barna:

Starfsmaðurinn þarf að þekkja barnahópin vel og skilja þarfir hans, hann þarf að vita hverjir eru styrkleikar hvers og eins. Það er því mikilvægt að hann sé alltaf í nálægð við börnin, bæði inni og úti. Hann þarf að hlusta og horfa á hvernig börnin leika sér og hvernig þau koma fram við aðra og hann þarf að geta gripið inn í þegar börnin ráða ekki við aðstæður.

Mikilvægustu skilaboðin í myndbandi um barnahópin og hugmyndir barna að mati deildarstjóranna voru að starfsfólk kæmi auga á og fylgdi hugmyndum barnanna eftir:

Börnin deila hugmyndum sínum með öðrum og fá nýjar hugmyndir. Þær hugmyndir verða svo að kveikju að nýjum leik. Margt af því sem börnin læra hvert af öðru gætum við starfsfólkið ekki kennt þeim. Börnin eru ótrúlega lausnamiðuð í leik sínum og læra þar að prófa hugmyndir sínar og um orsök og afleiðingu. Þau eiga að fá tíma til að þróa leikinn saman. Þetta má ekki taka af þeim. Börnin hafa ákveðnar hugmyndir um hvaða leik þau vilja leika, með hverjum, á hvaða stað og með hvaða efnivið.

Deildarstjórnum fannst að starfsfólk þyrfti að vera meðvitað um áhrif námsumhverfis á leik barna, að efniviður hefði ýmsa athafnakosti og væri aðgengilegur. Lögð var áhersla á þessi atriði í myndbandi:

Umhverfi barnanna þarf að vera hvetjandi, svo að þau geti sjálf nálgast leikefni og að svæðin bjóði upp á tækifæri til margs konar leikja. Þar eiga að vera svæði fyrir rólega leiki og fyrir leiki sem þurfa meira pláss og meiri hreyfingu. Umhverfið í leikskólanum á að vera skipulagt út frá þörfum allra barnanna á deildinni. Það á að vera aðlaðandi, örvandi og hvetja til leiks og samstarfs við önnur börn. Leikefnið og efniviðurinn þarf að vera við hæfi aldurs og þroska barnanna á deildinni og skipulagt þannig að börnin læri fljótt og vel á umhverfi sitt.

Skilaboðin fela í sér áherslu á sjálfræði barnanna, valdeflingu í vali á leiksvæði og leikefni og að hvert barn finni viðfangsefni við hæfi.

Rafbækurnar sem gerðar voru sýna dæmi um virka þátttöku barna í leikskólastarfi. Ein þeirra sýnir þátttöku barna í endurhönnun útileiksvæðis, en þar teiknuðu börnin útielhdús og völdu því stað, óskuðu eftir fleiri skóflum og kústum, hófu blómaræktun og bjuggu til hlutverk garðstjóra. Jafnframt voru bókstafir, tölustafir, parísar og slönguspil máluð á gangstéttina að beiðni barnanna og staður fundinn fyrir útilistaverk.

Önnur rafbók fjallar um fjögur hlutverk sem mótuð voru í leikskólanum í þeim tilgangi að auka virkni og þátttöku barnanna. Þau eru gangaverðir, garðverðir, veðurfræðingar og þjónar. Er hlutverkunum lýst í máli og myndum í bókinni. Þá eru gefin dæmi um aukna þátttöku barna í matartímum og samverustundum og kemur fram í bókinni að verkefnið hafi skilað því til starfsfólks deildarinnar að:

... við höfum áttað okkur betur á því að samverustund snýst ekki eingöngu um að gera það sem starfsfólkinu dettur í hug hverju sinni heldur verður að huga að því að allir – bæði börn og fullorðnir – hafi eitthvað um það að segja hvað fer fram í samverustund.

Í þriðju rafróbókinni er lýst í máli, myndum og myndböndum hvernig þátttaka barnanna hefur aukist í matartímum á öllum deildum leikskólans. Gott dæmi er hvernig börnin leggja á borð:

Það eru miklar þælingar [hjá börnunum] þegar lagt er á borðið á deildinni. Börnin nota ýmsar aðferðir til að leggja á borð.

Textanum fylgir mynd af borði þar sem diskur er lagður ofan á hnífapör og glas sett ofan á diskinn.

Sú fjórða sýnir fjölmörg afmörkuð dæmi um þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans en í inngangi bókarinnar kemur eftirfarandi fram:

Við sem kennarar barnanna þurfum því að hlusta á þau, ekki einungis með eyrunum, heldur einnig með augunum og öðrum skynfærum og nota innri hlustun þegar við ígrundum það sem við höfum orðið áskynja. Við þurfum að vera tilfinningalega til staðar fyrir þau og bera umhyggju fyrir þeim. Þannig upplifa börnin sig hæf og sterk sem leiðir til meiri virkni barnanna í skólastarfinu og eigin menntun.

Það snýst ekki um að uppfylla allar langanir barnanna heldur að hlusta á þau til að skilja þau betur og virða hugmyndir þeirra og skoðanir þannig að börnin upplifi sig hafa rödd sem hlustað er á.

Þá kom fram hjá deildarstjórnum að þeim fannst starfsfólkið hafa verið mjög áhugasamt og tilbúið í breytingar á deildunum. Börnin voru einnig dugleg að taka þátt og fannst deildarstjórnum gaman að sjá hvað þau voru áhugasöm og spennt fyrir ýmsum hlutverkum. Deildarstjóri sagði:

Það er ekkert nýtt undir sólinni en mikið er gott að fá svona utanumhald og fá að ræða starfið. Ég er svo stolt af því að vera leikskólakennari og geta tekið þátt í starfsemi sem fær leikskólabörnin til að blómstra og verða virkir þátttakendur í sínu leikskólalífi.

Annar deildarstjóri sagði:

Það er helst að minna sjálfa mig á að vera stöðugt á tánum, beita ígrundun og mæta fjölbreytileikanum. Upplifa ánægju. Gaman að sjá að verkefnið skilar sér inn til barnanna. Að hlusta á börnin er góð leið til að flæðisástand í leiknum skapist oftar.

Niðurstöðurnar sýndu að þátttakendur studdu við hugmyndir barnanna og veltu fyrir sér hvernig þeir gætu betur komið til móts við óskir þeirra.

Samantekt og ályktanir

Markmiðið með rannsókninni var að greina starfsaðferðir og stuðning við leik barna í leikskóla og virka þátttöku þeirra í daglegu starfi.

Stjórnendur leikskólanna sem tóku þátt í rannsókninni töldu þörf á fræðslu og umræðu um hugmyndafræði leikskóla, hlutverk starfsfólks í leik barna og þátttöku þeirra í starfinu þar sem margt ungt fólk starfar í leikskólunum og hefur litla reynslu af leikskólastarfi. Niðurstöðurnar sýndu að þátttaka deildarstjóranna í þróunarverkefninu varð til þess að þeir voru oft með börnunum í leik og margar aðstæður voru nýttar til að styðja við börnin í að leysa verkefni sjálf í stað þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim. Deildarstjórnir gættu þess að vera nálægt leik barna til að geta aðstoðað þau við þróun leiksins og gátu þannig lengt leiktímabilið án þess þó að stjórna leiknum, sem er í samræmi við það sem æskilegt er talið (Jóhanna Einarsdóttir, 2020; Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022). Svigrúm var skapað í leikskólunum til að fylgja hugmyndum barnanna eftir og leikstundum var fjölgað á kostnað kennarastýrðra stunda. Fjölmörg dæmi voru nefnd um hugmyndir sem kviknuðu hjá börnunum, eins og útivera í myrkri, náttfataball og valstundir, sem starfsfólk hlustaði á og brást við. Bendir það til þess að þekking deildarstjóranna á hvernig styðja á

við leik hafi aukist meðan á verkefninu stóð og gátu þeir brugðist við röddum barnanna og mótað aðstæður til að fylgja óskum þeirra eftir með því að greiða fyrir aðgengi þeirra að leiksvæði og leikefni (Lillemyr, 2009; Lindqvist, 1995; Wood, 2013). Námsumhverfið var gert aðgengilegt, gátu börnin valið hvað þau léku með og átak var gert í að skrá nám barnanna í leik. Eru niðurstöðurnar í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru í upphafi um að styðja við leik barna enda áherslurnar mjög í anda hugmyndafræði leikskólanna og áherslur fræðimanna (Brooker o.fl., 2014; Corsaro, 2015; Formosinho og Pascal, 2016; James og Prout, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012; Rogoff o.fl., 2018; Wood, 2013).

Deildarstjórnir fundu leiðir til að virkja börnin til þátttöku í daglegu starfi leikskólanna. Var það gert með því til dæmis að móta ýmis hlutverk fyrir börnin, svo sem hlutverk garðvarðar og umsjónarmanns, og voru barnafundir haldnir. Sköpuð voru rými og tækifæri fyrir börnin til að koma röddum sínum og skoðunum á framfæri, bæði með formlegum hætti og óformlegum, til dæmis á barnaþingum og fundum um útisvæði, í samverustund, valstundum og heimiliskrök. Var börnunum tryggð áheyrn starfsfólks sem skráði hugmyndir þeirra og tillögur og sýndi þannig virka hlustun sem leiddi af sér aukinn skilning á því sem var börnunum mikilvægt. Þetta leiddi til þess að skoðanir barnanna höfðu áhrif á leikskólasterfið og brugðist var við þeim. Fengu börnin til dæmis tækifæri til að fara í innkaupaferð með deildarstjóra og endurnýja heimiliskrök, senda inn beiðni um Harry Potter legó til að byggja kastala, að endurhanna og móta útileiksvæði, koma á hlutverki *garðstjóra* og semja reglur á útileiksvæði. Er það í samræmi við það sem fram kemur í líkani Lundy um þátttöku barna (Lundy, 2007; Welty og Lundy, 2013).

Eins og fram kom hjá deildarstjórunum byggja þeir starf sitt að miklu leyti á leik sem helstu námsleið barna og þátttöku barna í daglegu starfi sem hvort tveggja var þróað í þessu verkefni (Lundy, 2007; Wood, 2013). Deildarstjórnir höfðu því góðan grunn til að byggja þróun starfsins á en þótti gagnlegt að móta samstarfsvettvang leikskólanna og taka þátt í rannsókn (Gordon, 2008). Á þann hátt skapaðist ný þekking í hópnum þar sem deildarstjórnir skiptust á hugmyndum og aðferðum þvert á leikskóla (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022). Þó að í ljós hafi komið að verkefnið hafi að mörgu leyti verið árangursríkt mættu þátttakendur einnig áskorunum. Fram kom hjá deildarstjórunum í endurmati að þeim gekk ekki öllum vel að koma upplýsingum og fræðsluefni til samstarfsfólks. Oft voru deildarfundir, þar sem fjalla átti um leik og þátttöku barna, felldir niður sökum faliðunar eða veikinda og sögðu sumir deildarstjórar að þeir hefðu viljað setja meiri kraft í verkefnið á sinni deild. Eru þær niðurstöður í samræmi við niðurstöður margra rannsókna sem sýna að þátttakendur í þróunarverkefnum glíma helst við tímaskort og eiga erfitt með að festa breytingar í sessi (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022). Þá kölluðu þátttakendur eftir meira lesefni og fræðslu sem myndi nýtast þeim vel í að auka þekkingu sína á viðfangsefninu.

Þar sem hlutfall leikskólakennara í leikskólunum er lágt og starfsmannavelta mikil (Hagstofa Íslands, e.d.-a, e.d.-b) voru áform um að nýta þá þekkingu sem skapaðist í verkefninu til að fræða starfsfólk sem hefur störf í leikskólunum betur um áherslu á leik og virka þátttöku barna í daglegu starfi (Lundy o.fl., 2011; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Meðan á verkefninu stóð unnu deildarstjórnir með samstarfsfólki sínu að gerð myndbanda með dæmum um stuðning við leik barna sem munu nýtast starfsfólki sem er að hefja störf. Myndböndin sýna vel þá þætti sem deildarstjórnir töldu ástæðu til að leggja áherslu á til að styðja vel við leik barna. Þar er fjallað um hlutverk starfsfólks, áhrif barnahópsins og námsumhverfisins á leik barna. Í myndböndunum er lögð áhersla á að starfsmaður í leikskóla kunnir að leika við börnin í hópnum sínum og vera hvetjandi og opinn fyrir hugmyndum barnanna; einnig um mikilvægi þess að þekkja áhugasvið barnanna til að geta stutt þau í vali sínu á leikefni og leik og benda þeim á athafnakosti og möguleika umhverfisins (Pacini-Ketchabaw o.fl., 2017). Deildarstjórnir hönnuðu einnig rafrænar bækur með dæmum um virka þátttöku barna í leikskólasterfi, og sýndu þá þróun sem hafði átt sér stað innan leikskólans. Þær gefa góða mynd af þeim tækifærum sem börnin fá til að koma skoðunum sínum á framfæri, til dæmis af því hvað þarf til að gera útileiksvæði skemmtilegra, hvernig börnunum er veitt áheyrn og þau fá að sjá tillögur sínar að lokum verða að veruleika. Er það í samræmi við þau viðmið sem fram koma í líkani Lundy (2007) sem sýnir að þátttaka barna í leikskólasterfi krefst virkrar hlustunar og viðbragða.

Lokaorð

Áhugi deildarstjóra og annars starfsfólks leikskólanna, þátttaka og samstarf, endurspeglar fagmennsku og vilja til að efla gæði leikskólastarfs. Stjórnendur leikskólanna sýndu faglega forystu með skýrri sýn á að viðhalda hugmyndafræði og gildi starfsins og að koma upplýsingum þar um til starfsfólks þegar það hefur störf í leikskólunum. Deildarstjórar þurfa að vera leiðandi í að viðhalda áherslu á leik sem helstu námsleið barna og mikilvægi virkrar þátttöku barna í daglegu starfi með stöðugri fræðslu, umræðu og ígrundun á reglulegum deildarfundum í leikskólunum. Mikil hjálp er í afurðum þróunarverkefnisins, annars vegar í myndböndunum um stuðning leikskólakennara, námsumhverfis og barnahópsins við leik barna og hins vegar í rafrænu bókunum sem sýna í máli og myndum leiðir til að auka virka þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans. Því hefur þessi rannsókn bæði leitt af sér hagnýtt gildi og aukna þekkingu á þeim tækifærum og áskorunum sem stjórnendur og annað starfsfólk leikskóla standa frammi fyrir dag hvern í leikskólum.

Þakkir

Höfundar færa ritrýnum greinarinnar innilegar þakkir fyrir góðar ábendingar sem nýttust vel. Þátttakendum í rannsókninni eru sömuleiðis færðar þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Children's play and participation in preschool activities

The aim of this study was to shed light on how the heads of departments in four preschools, which participated in a collaborative study, which supported play as the main means of learning for children and children's participation in daily activities. The purpose was to identify support and effective methods that strengthen play as the main method of learning for children to increase children's active participation in the day-to-day work of preschools. The following questions guided the research:

- How do the heads of departments support children's play in the preschools?
- How do the heads of departments promote the active participation of children in their daily work?
- How is knowledge of play and children's participation shared with colleagues?

Four preschools in Reykjavík, Engjaborg, Funaborg, Hólaborg and Sunnufold participated in a two-year project to support children's play and their participation in the day-to-day work of the preschools. The project was part of the implementation of the Education Policy of the City of Reykjavík, which has supported the project. A researcher at the University of Iceland has advised the project. The department heads at the preschools met regularly to learn about and discuss various ways to support children's play and increase their participation in the preschools' work. The Icelandic National Curriculum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) has adopted a rights-based approach that views children as capable, active preschool participants with opinions that can be communicated if listened to. Play is children's most important means of learning, and the role of adults is key when considering learning through play and how to support the development of play (Wood, 2013). Peer culture and the children's group are also important because children learn from each other (Corsaro, 2015). The United Nations Convention on the Rights of the Child (1989) recognises children as individuals and agents of social change. The Convention sets out the need to listen to children and enable their participation in decision-making in matters that affect them. This research is based on qualitative research methods. Data was collected throughout the process. A needs analysis was completed at the beginning and re-evaluated. The process was also

evaluated and reflected upon at the end. Various data, such as photographs and participant narratives, were collected during the process. The findings are presented by referring to the three themes that emerged in the data analysis. The findings provided many examples of ways to support children's play. More space was created in the preschools for the children's ideas, the number of teacher-led classes decreased, and playtimes were extended. The findings also revealed that the staff became more informed about how children could participate in daily work. Various roles were created for the children, and children's meetings were held. The children were increasingly asked about their opinions of the preschool activities, the environment, and the play materials. The preschools' participation and cooperation in the research were based on their common ideas that professional work should always be at the forefront despite special circumstances and difficult challenges. Although most preschool staff are not professionally trained and staff turnover is high, staff can learn from the department heads. Due to busy schedules, the department heads could not always share information and educational materials with colleagues. The project developed differently in each preschool; some differences occurred because of changes during the project, and others because of differences that existed before the project.

Keywords: preschool, play, children's participation, professional development

Um höfunda

Anna Magnea Hreinsdóttir Ph.D. (amh@hi.is) lauk námi í tómsundafræðum frá Göteborgs folkhögskola í Svíþjóð árið 1980, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2003. Árið 2009 lauk hún doktorsprófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands með áherslu á lýðræðislegt umræðumat á skólastarfi. Hún vann sem leikskólastjóri og leikskólafulltrúi á árunum 1991–2015 og var sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar á árunum 2015–2020. Nú starfar hún við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Pála Pálsdóttir (pala.palsdottir@reykjavik.is) lauk námi frá Fósturskóla Íslands 1994, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005 og meistaraprófi frá Háskóla Íslands 2019. Pála hefur unnið í leikskólum á Íslandi og Danmörku og verið leikskólastjóri hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2012. Hún er núna leikskólastjóri í leikskólanum Engjaborg.

Sigrún Grétarsdóttir (sigrun.gretarsdottir@reykjavik.is) hefur starfað í leikskólanum Hólaborg í Breiðholti frá því hún útskrifaðist úr Kennaraháskólanum með B.Ed.-gráðu árið 1999. Hún er núna leikskólastjóri þar.

About the authors

Anna Magnea Hreinsdóttir Ph.D. (amh@hi.is) completed her degree in leisure studies at Göteborgs folkhögskola, Sweden, in 1980, a B.Ed. in preschool studies at the Icelandic University of Education in 1999, and a master's degree at the same university in 2003. She completed her PhD in democratic school evaluation at the University of Iceland School of Education in 2009. She has worked as a preschool and primary school officer for many years and as a director of education and welfare. She now teaches at the University of Iceland's School of Education.

Pála Pálsdóttir (pala.palsdottir@reykjavik.is) completed her studies at Fósturskóli Íslands in 1994, a B.Ed. in preschool studies at the Icelandic University of Education in 2005, and a master's degree from the University of Iceland in 2019. Pála has worked in preschools in both Iceland and Denmark, and she has been working as a preschool principal since 2012. She is currently a principal at Engjaborg.

Sigrún Grétarsdóttir (sigrun.gretarsdottir@reykjavik.is) has worked in the preschool Hólaborg in Breiðholt since 1999, when she graduated from the University of Education with a B.Ed. degree. She is now the preschool principal.

Heimildir

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Skólastarf í ljósi fagmennsku* (bls. 35–54). Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Ljðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar?: Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). Þau náttúrulega læra af öllu sem þau gera. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 89–117). Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2021). Upplifun barna af leikskólavöl: „Stundum er maður lengi í leikskólanum en ekki alltaf“. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.12>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Brooker, L., Blaise, M. og Edwards, S. (2014). *The SAGE handbook of play and learning in early childhood*. Sage. <https://doi.org/10.4135/9781473907850>
- Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), Transforming early education in England: Towards a democratic education (bls. 134–151). UCL Press. <http://www.jstor.org/stable/j.ctv1503g6p.15>
- Clark, A. og Moss, P. (2001). Listening to young children. National Children's Bureau; Rowntree Foundation.
- Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children's Bureau.
- Corsaro, W. A. (2003). *We're friends, right?: Inside kids' culture*. Joseph Henry Press.
- Corsaro, W. A. (2015). *The sociology of childhood* (4. útgáfa). Sage.
- Creswell, J. W. (2013). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (4. útgáfa). Sage.
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2017). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. Sage.
- Csikszentmihalyi, M. (2008). *FLOW: The psychology of optimal experience*. Harper Perennial Modern Classics.
- Ester Ýr Jónsdóttir og Friða Bjarney Jónsdóttir. (2020). *Samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar: Skýrsla um fyrsta samstarfsárið, maí 2019 til maí 2020*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/189_1.1_stoduskysrsla_efrir_fyrsta_ar_samnings_mvs_og_sfs_20202508_loka.pdf
- Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir. (2019). „Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott“: Félagleg tengsl og vinátta leikskólabarna af erlendum uppruna. *Sérít Netlu 2019 – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi í grunnskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.35>
- Formosinho, J. og Pascal, C. (2016). Pedagogy in participation: The search for a holistic praxis. Í J. Formosinho og C. Pascal (ritstjórar), *Assessment and evaluation for transformation in early childhood* (bls. 26–55). EECERA; Routledge.

- Gordon, S. P. (2008). The power of collaborative action research. Í S. P. Gordon (ritstjóri), *Collaborative action research: Developing professional learning communities* (bls. 1–12). Teachers College Press.
- Grétar Þór Eypórsson. (2021). Spurningakannanir: Um uppbyggingu, orðalag, orðanotkun og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 489–517). Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brottfall starfsfólks í leikskólum eftir starfi 1998–2021*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__1_lsStarfsfolk/SKO01310.px/table/tableViewLayout2/
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Starfsfólk í leikskólum eftir menntun 1998–2021*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__1_lsStarfsfolk/SKO01303.px/table/tableViewLayout2/
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmenningarlegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Sérrit Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/006.pdf
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Starfendarrannsókn til starfsþróunar leikskólakennara: Ávinningur og áskoranir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 31(2), 65–86. <https://doi.org/10.24270/tuum.2022.31.9>
- James, A. og Prout, A. (ritstjórar). (2015). *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (3. útgáfa). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781315745008>
- Jenks, C. (2005). *Childhood*. Routledge.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2014). Children's perspectives on the role of preschool teachers. *European Early Childhood Education Research Journal*, 22(5), 679–697. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2014.969087>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólustefna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.6>
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 113–131. <https://doi.org/10.24270/tuum.2020.29.6>
- Kragh-Müller, G. og Isbell, R. (2011). Children's perspectives on their everyday lives in child care in two cultures: Denmark and the United States. *Early Childhood Education Journal*, 39(1), 17–27. <https://doi.org/10.1007/s10643-010-0434-9>
- Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2022). Gildi leiks í námi leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 189–213). Háskólaútgáfan.
- Lillemyr, O. F. (2009). *Taking play seriously: Children and play in early childhood education. An exciting challenge*. Information Age Publishing.
- Lindqvist, G. (1995). *The aesthetics of play: A didactic study of play and culture in preschools* [doktorsritgerð]. Uppsala University.
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lundy, L. (2023). Children's rights from an international perspective. Í R. Adami, A. Kaldal og M. Aspánveiner, (ritstjórar), *The rights of the child: Legal, political and ethical challenges*. (bls. 3–7). Brill; Nijhoff. https://doi.org/10.1163/9789004511163_002
- Lundy, L., McEvoy, L. og Byrne, B. (2011). Working with young children as co-researchers: An approach informed by the United Nations Convention on the rights of the child. *Early Education and Development*, 22(5), 714–736. <https://doi.org/10.1080/10409289.2011.596463>
- Löfdahl, A. (2014). Play in peer cultures. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The SAGE handbook of play and learning in early childhood* (bls. 342–353). Sage.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- MacNaughton, G. og Hughes, P. (2009). *Doing action research in early childhood studies: A step-by-step guide*. Open University Press.
- Menntamálastofnun. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla*. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>
- Menntastefna Reykjavíkurborgar. (e.d.). *Um Menntastefnu*. <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. <https://www.stjornarradid.is/media/>

- menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnskr_leiksk_2012.pdf
- Mohr, M. M. (2001). Drafting ethical guidelines for teacher research in schools. Í J. Zeni (ritstjóri), *Ethical issues in practitioner research* (bls. 3–12). Teachers College Press.
- Morse, J. M. (2015). Critical analysis of strategies for determining rigor in qualitative inquiry. *Qualitative Health Research*, 25(9), 1212–1222. <https://doi.org/10.1177/1049732315588501>
- Nomura, N. (2010). *Narrative, time, and communication*. Tomishobo.
- Pacini-Ketchabaw, V. (2012). Acting with the clock: Clocking practices in early childhood. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 13(2), 154–160. <https://doi.org/10.2304/ciec.2012.13.2.154>
- Pacini-Ketchabaw, V., Kind, S. og Kocher, L. L. M. (2017). *Encounters with materials in early childhood education*. Routledge.
- Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching, and learning*. Routledge.
- Rogoff, B., Dahl, A. og Callanan, M. (2018). The importance of understanding children's lived experience. *Developmental Review*, 50, 5–15. <https://doi.org/10.1016/j.dr.2018.05.006>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarisdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérrið Netlu 2017 – Innsýn í leikskólalastarf*. http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf
- The United Nations Convention on the Rights of the Child. (1989). <https://www.ohchr.org/en/instruments-mechanisms/instruments/convention-rights-child>
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 361–375). Háskólinn á Akureyri.
- Welty, E. og Lundy, L. (2013). A children's rights-based approach to involving children in decision making. *Journal of Science Communication*, 12(3), 1–5. <https://doi.org/10.22323/2.12030302>
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). Sage.
- Wood, E. (2018). Listening to young children: Multiple voices, meanings, and understandings. Í G. Goodliff, N. Canning, J. Parry og L. Miller (ritstjórar), *Young children's play and creativity* (bls. 150–162). Routledge.
- Zeni, J. (2009). Ethics and the 'personal' in action research. Í S. E. Noffke og B. Someke (ritstjórar), *The SAGE handbook of educational action research* (bls. 254–266). Sage.



Anna Magnea Hreinsdóttir, Pála Pálsdóttir og Sigrún Grétarsdóttir. (2024).
Leikur og þátttaka barna í leikskólalastarfi: Stuðningur deildarstjóra og annars starfsfólks
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/01>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/1>